

## Reykjalundur

### Persónuverndarstefna fyrir starfsmenn og nema

#### Efnisyfirlit:

##### 1. Almennt

Gildissvið  
Breytingar  
Að hafa samband vegna persónuverndar

##### 2. Vinnsla persónuupplýsinga

Hvaða persónuupplýsingum er safnað?  
Hver er tilgangur og grundvöllur vinnslu persónuupplýsinga  
Geymsla og eyðing persónuupplýsinga

##### 3. Miðlun og öryggi

Miðlun persónuupplýsinga  
Öryggi persónuupplýsinga

##### 4. Réttindi starfsmanna

##### 5. Aðrar mikilvægar upplýsingar

Stjórn og aðgangur að persónuupplýsingum  
Vefkökur (e. cookies)

##### 1. Almennt

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS (hér eftir „Reykjalundur“) er heilbrigðisstofnun sem starfar meðal annars samkvæmt [lögum um heilbrigðisþjónustu](#), nr. 40/2007 og þar starfa um 200 einstaklingar. Reykjalundur leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar starfsfólks. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig Reykjalundur aflar persónuupplýsinga og notar þær í tengslum við starf þitt hjá Reykjalundi.

Reykjalundur telst vera ábyrgðaraðili í skilningi [persónuverndarlaga](#), nr. 90/2018 þegar stofnunin vinnur með persónuupplýsingar þínar og ber ábyrgð á því hvernig upplýsingarnar eru geymdar og notaðar í tengslum við starf þitt hjá stofnuninni.

Reykjalundur annast starfsnám nemenda í heilbrigðisgreinum og veitir háskólamenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum sérmenntun. Þá er á stofnuninni unnið umfangsmikið vísindastarf.

Starfsmenn Reykjalundar eru helsta auðlind stofnunarinnar og telur Reykjalundur mikilvægt að starfsmenn séu vel upplýstir um vinnslu persónuupplýsinga og réttindi sín. Þú ert því vinsamlegast beðin/n að lesa persónuverndarstefnuna vel. Þessi útgáfa var samþykkt og gefin út þann 6. ágúst 2019.

#### Gildissvið

Persónuverndarstefna starfsmanna Reykjalundar tekur til vinnslu persónuupplýsinga um núverandi og fyrrverandi starfsmenn og nema sem Reykjalundur ber ábyrgð á sem ábyrgðaraðili. Þar undir falla til

Persónuverndarstefna fyrir starfsmenn og nema  
Útgefin: 6. ágúst 2019

dæmis persónuupplýsingar sem verða til í tengslum við starfsumsókn, ráðningarferli, ráðningarsamning, ráðningarsamband og lok ráðningarsambands, sem og starfsnám og þjálfun nema.

### **Breytingar**

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann að taka breytingum, svo sem í samræmi við breytingar á regluverki sem gildir um persónuvernd á hverjum tíma, eða breytingar á því hvernig Reykjalundur vinnur með persónuupplýsingar.

Persónuverndarstefna þessi er byggð á [lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga](#), nr. 90/2018 og [reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins](#) (ESB), nr. 2016/679.

Séu efnislegar breytingar gerðar á persónuverndarstefnunni mun Reykjalundur kynna fyrir starfsmönnum breytta stefnu með þeim samskiptaleiðum sem í boði eru á hverjum tíma. Gildandi persónuverndarstefna er alltaf birt á vefsíðu Reykjalundar, [hér](#).

### **Að hafa samband vegna persónuverndar**

Persónuverndarfulltrúi Reykjalundar tekur við öllum fyrirspurnum og erindum sem tengjast vinnslu Reykjalundar með persónuupplýsingar starfsmanna og persónuverndarstefnu þessa í gegnum tölvupóst: [personuvernd@samtok.is](mailto:personuvernd@samtok.is).

## **2. Vinnsla persónuupplýsinga**

### **Grundvöllur og tilgangur vinnslu**

Persónuupplýsingar eru hvers konar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Löggjöfin tekur ekki til upplýsinga þar sem auðkenni einstaklings hafa verið algjörlega afmáð þannig að ekki er hægt að tengja upplýsingar beint eða óbeint við einstakling. Sumar persónuupplýsingar eru viðkvæmar í skilningi laganna og umgengst stofnunin þær af meiri varúð og öryggi.

Reykjalundur leggur mikið upp úr því að vinnsla persónuupplýsinga sé af hófsemi og eingöngu í samræmi við tilgang vinnslu, sem stofnunin leggur áherslu á að sé skýr og málefnalegur. Einnig er þess gætt að skráðar upplýsingar séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er. Tilgangur vinnslu getur til dæmis verið:

- að gera ráðstafanir samkvæmt beiðni starfsumsækjanda í tengslum við starfsumsókn;
- að efna ráðningarsamning (vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við starf);
- að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á Reykjalundi, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda (skilagreinar skatts, lífeyrissjóða eða stéttarféлага) eða samkvæmt vinnuréttarlöggjöf; og
- vegna lögmætra hagsmuna Reykjalundar (eða þriðja aðila) svo sem í eftirlits- og öryggistilgangi ef hagsmunir, grundvallarréttindi og frelsi þitt vegur ekki þyngra.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga getur átt sér stað þegar:

- þú skráir leyfi frá vinnu í samræmi við ráðningasamband okkar og vinnuréttarlöggjöf. Slíkar persónuupplýsingar kunna að geyma upplýsingar um heilsufar þitt, svo sem veikindi eða um fjölskyldu þína, eins og veikindi barns. Í vissum tilvikum kann að vera að Reykjalundur óski eftir staðfestingu á veikindum, eins og í formi veikindavottorðs frá lækni;

- þú óskar eftir ákveðnum hlunnindum, eins og lögbundnum greiðslum vegna fæðingarorlofs, greiðslum í veikindaleyfi og eftirlaun. Þá skráir Reykjalundur ákveðnar upplýsingar sem tengjast heilsufari- eða líkamlegu ástandi þínu;
- um slys í vinnu er að ræða mun Reykjalundur skrá upplýsingar sem tengjast slíkum atburði og áhrifum á líkamlegt og/eða andlegt heilbrigði þitt og tilkynna til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins, í samræmi við [vinnuréttarlöggjöf](#).
- Reykjalundur notar upplýsingar um stéttarfélagsaðild þína til þess að standa skil á félagsgjöldum þínum og fylgja öðrum kröfum vinnuréttarlöggjafar í því sambandi;

### Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?

Persónuupplýsingar sem unnar eru um þig eru fyrst og fremst notaðar til þess að Reykjalundur geti staðið við samningsskyldur sínar gagnvart þér og í rekstrarlegum tilgangi.

Ef þú ert starfsmaður, þá vinnur Reykjalundur til dæmis eftirfarandi **almennar persónuupplýsingar** um þig:

- Nafn
- Kennitala, þar á meðal fæðingardagur
- Búseta
- Lögheimili og heimilisfang
- Farsímanúmer og heimasímanúmer
- Tölvupóstfang
- Áhugamál
- Upplýsingar sem tengjast ráðningarferli, til dæmis:
  - Gögn sem koma fram í umsókn um starf (t.d. fyrri störf, menntun og önnur hæfni)
  - Umsagnir og tengiliðaupplýsingar umsagnaraðila
  - Athugasemdir úr starfsmannaviðtölum
  - Ástæður þess að umsækjandi vill skipta um starf
- Upplýsingar sem tengjast ráðningarsambandi, til dæmis:
  - Upphafsdagur ráðningar
  - Starfstíll
  - Starfskjör (þ.a.m. laun)
  - Vinnunetfang (og einkanetfang)
  - Tímaskráning
  - Upplýsingar um námskeið
  - Heilsufarsupplýsingar, meðal annars hvort starfsmaður reykir
  - Veikindi
  - Slys í starfi
  - Námsleyfi
  - Upplýsingar úr starfsmannaviðtölum eða frammistöðuviðtölum
  - Upplýsingar um styrki, s.s. íþróttastyrki eða námsstyrki (frá stéttarfélögum)
  - Ljósmyndir
- Upplýsingar sem tengjast útgreiðslu launa, auk annarra gjalda, svo sem um:
  - Bankareikning
  - Persónuafsláttur
  - Skilagreinar til RSK, lífeyrissjóða og stéttarféлага
  - Hlunnindi og orlof (þar á meðal fæðingarorlof, launað og launalaust orlof)
  - Tímaskráningar
- Upplýsingar sem tengjast starfslokum:

- Ástæða uppsagnar og/eða starfsloka
- Eftirlitupplýsingar vegna starfssambands (almennt ekki heimsóttar nema ef eitthvað sérstakt tilefni gefst til) eins og:
  - Upplýsingar úr myndavélakerfi
  - Upplýsingar um net-, prent-, síma- og tölvupóstnotkun
  - Dagbókarskráningar af aðgangskortum (t.d. aðgangur að lyfjageymslu skv. lögum)

Reykjalundur kann einnig að vinna eftirfarandi **viðkvæmar persónuupplýsingar** um þig:

- Aðild að stéttarfélagi og upplýsingar um iðgjöld í stéttarfélag
- Heilsufarsupplýsingar, til dæmis um fjarvistir frá vinnu vegna veikinda, veikinda barns og fæðingarlofs, sem og upplýsingar úr veikindavottorði

Ef þú ert nemi, þá vinnur Reykjalundur til dæmis eftirfarandi **almennar persónuupplýsingar** um þig:

- Nafn
- Kennitala, þar á meðal fæðingardagur
- Upplýsingar sem tengjast námssambandi, til dæmis:
  - Upphafsdagur námstímabils
  - Starfstíll
  - Lokadagur námstímabils

Upplýsingar um þig eru geymdar ýmist útprentaðar í læstum möppum og/eða í aðgangsstýrðu starfsmanna-, tímaskráningar- og launakerfi, hýstu hjá öruggu upplýsingatæknifyrirtæki, sem veitir þá þjónustu sem þörf er á vegna hýsingarinnar. Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eins og heilbrigðisupplýsingar tryggir Reykjalundur öryggi upplýsinganna eins og lög gera ráð fyrir, meðal annars með verklagsreglum og tæknilegum [öryggisráðstöfunum](#) í kringum meðhöndlun þeirra.

### Geymsla og eyðing persónuupplýsinga

Reykjalundi ber að fylgja lögum um [bókhald](#), nr. 145/1994, sem kveða á um 7 ára geymslutíma bókhaldsgagna. Reykjalundur er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014, um [opinber skjalasöfn](#). Stofnuninni er þannig óheimilt að farga nokkru skjali eða ónýta, sem geymir persónuupplýsingar og fellur undir gildissvið laganna, nema að fengnu leyfi þjóðskjalavarðar. Reykjalundur geymir persónuupplýsingar sem ekki falla undir framangreind lög í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu, nema lengri geymslutíma sé krafist eða hann leyfður samkvæmt lögum.

### 3. Miðlun og öryggi

#### Miðlun

Vísað er til ofangreindra laga um [bókhald](#), nr. 145/1994 og laga nr. 77/2014, um [opinber skjalasöfn](#) varðandi miðlun persónuupplýsingum til þriðja aðila, til dæmis til að kaupa þjónustu frá þriðja aðila, sem er þá vinnsluaðili stofnunarinnar. Vinnsluaðilar Reykjalundar eru gjarnan þjónustuveitendur eða verktakar og er þeim eingöngu veittur aðgangur að þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegt er til þess að ljúka verkefni eða til að veita eða afhenda umsamda þjónustu, ráðgjöf eða vöru.

Áður en gengið er til samninga við vinnsluaðila og gerður við þá vinnslusamningur, fullvissar Reykjalundur sig um að umræddir aðilar séu ábyrgir og bjóði upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndar, sérstaklega með tilliti til öryggis.

Að öðru leiti er persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðju aðila nema að fengnu samþykki skráðra einstaklinga, eða ef slík miðlun er í samræmi við ákvæði samninga, laga eða dómsúrskurði.

## Öryggi

Viðeigandi öryggisráðstafanir eru gerðar til að tryggja öryggi allra upplýsinga og þá sérstaklega viðkvæmra persónuupplýsinga í starfsemi Reykjalundar. Öryggisráðstafanir eru til dæmis reglulega teknar út og stöðugt er unnið að umbótum. Þá eru persónuupplýsingar uppfærðar reglulega og ekki varðveittar lengur en þörf er á, og þá ekki á persónugreinanlegu formi.

Stofnunin hefur sett sér upplýsingaöryggisstefnu og er með áhættustýringu vegna upplýsingaöryggis. Aðgangsoöryggiskerfi er að húsnæði Reykjalundar og upplýsingakerfum, og markvisst er unnið að því að vernda gögn og búnað gegn öryggisbrestum.

Reykjalundur leggur mikið upp úr því að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þess að gæta trúnaðar og þagnarskyldu við meðhöndlun viðkvæmra persónuupplýsinga bæði starfsmanna og sjúklunga.

## 4. Réttindi starfsmanna

Starfsmenn geta óskað eftir upplýsingum um persónuupplýsingar sínar sem Reykjalundur meðhöndlar og réttindi tengd þeim, með því að senda fyrirspurn til persónuverndarfulltrúa á netfangið: [personuvernd@samtok.is](mailto:personuvernd@samtok.is).

Starfsmenn kunna í ákveðnum tilfellum meðal annars að eiga rétt á að:

- fá upplýsingar um **hvort og þá hvaða persónuupplýsingar eru unnar** hjá Reykjalundi og á grundvelli sérstakrar beiðni fá **afrit** af þeim á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu formi;
- óska eftir því að persónuupplýsingar sem skráðar eru hjá Reykjalundi séu **leiðréttar**, enda séu þær ófullkomnar eða ónákvæmar. Reykjalundur leggur mikið upp úr því að persónuupplýsingar séu réttar og áreiðanlegar. Vinsamlegast tilkynntu Reykjalundi ef persónuupplýsingar þínar breytast á meðan á ráðningarsambandi þínu við Reykjalund stendur;
- **andmæla** vinnslu og/eða óska eftir því að vinnsla sé **takmörkuð**. Til dæmis ef vinnsla byggir á lögmætum hagsmunum Reykjalundar eða þriðja aðila og einstaklingur telur hagsmunum sína ganga frammar, og/eða ef einstaklingur dregur samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga til baka;
- leggja fram **kvörtun til Persónuverndar** um vinnslu Reykjalundar. Nánari upplýsingar um það ferli má finna hér <https://www.personuvernd.is/>.

Reykjalundur vekur athygli á því að framangreind réttindi starfsmanna kunna að vera háð takmörkunum, sem leiða meðal annars af lögum og/eða hagsmunum Reykjalundar eða þriðju aðila. Er það háð mati í hvert skipti en Reykjalundur hefur ávallt að leiðarljósi að persónuupplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Afgreiðsla erinda er almennt gjaldfrjáls. Reykjalundur áskilur sér rétt til að hafna erindi, sé erindið óhóflegt eða tilefnislaust, allt eftir mati stofnunarinnar í hverju tilviki.

## Vefkökur (e. cookies)

Vefkökur eru textaskrár sem vistaðar eru á því tæki sem notað er til að heimsækja vefsíðu Reykjalundar.

Til eru mismunandi tegundir af vefkökum. Reykjalundur notar eingöngu vefkökur sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja virkni vefsíðu stofnunarinnar og er engum persónugreinanlegum upplýsingum safnað.

Persónuverndarstefna fyrir starfsmenn og nema  
Útgefin: 6. ágúst 2019

Reykjalundur notar Google Analytics aðeins til vefmælinga. Við hverja komu inn á vefsíðu stofnunarinnar skráir Reykjalundur ákveðin atriði, til dæmis tíma og dagsetningu komu, leitarorð, frá hvaða vef er komið, gerð vafra og stýrikerfis. Er það gert til þess að þróa vef Reykjalundar áfram. Engum frekari upplýsingum er safnað og ekki er gerð tilraun til að persónugreina slíkar upplýsingar.